



TBR fréttir

maí 2024

1. tbl. 47. árg



Frá Íslandsmóttinu 2024



Davíð Bjarni, Arna Karen, Kristófer og Drífa



Kári og Róbert



Kristófer Darri, Davíð Bjarni, Danél og Jónas





Útgefandi: Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur
Ábyrgðarmaður: Sigfús Ægir Árnason
Ritstjórn: Sigfús Ægir Árnason, Jóhann Kjartansson
Myndir: Árni Gestur Sigfússon, Jónas Huang, Kristín Þóra Kristjánsdóttir o.fl.
Umbrot: Hrund Guðmundsdóttir
Forsíðumynd: Kári Gunnarsson Íslandsmeistari 2024
Mynd: Kristín Þóra

Stjórn TBR: Gunnar Petersen formaður
Áslaug Árnadóttir varaformaður
Sigrún Marteinsdóttir ritari
Jónas Baldursson gjaldkeri
Atli Tómasson meðstjórnandi
Kristófer Darri Finnsson til vara í stjórn
Daníel Máni Einarsson fulltrúi ungra

Kæru félagar í TBR.

Rekstur félagsins gekk vel á árinu eins og undanfarin ár og nýting húsnanna var góð.

Stjórn félagsins hélt tíu stjórnarfundum síðastliðið ár og fjallaði um hin ýmsu málefni til að styrkja félagið okkar enn frekar.

Töluvert var framkvæmt í húsnæðismálum á árinu en þrátt fyrir það liggja enn fyrir mörg verkefni sem þarf að fara í sem allra fyrst, til dæmis endurnýjun á gólfi í stóra salnum. Stjórn hefur lagt áherslu á að hraða hinum ýmsu viðhalds- og nýframkvæmdum eins og hugsast getur. Þeim merka áfanga náðist á árinu að félagið hefur greitt niður allar vaxtaberandi skuldir og er því vel í stakk búið til að fjárfesta meira en áður hvort sem er í húsnæði, mannaði eða þjónustu við félagsmenn.

Síðustu ár hafa verið innleiddar nokkrar tækninýjungar svo sem Noona kerfið fyrir tímabókanir, Abler kerfið fyrir íþróttaskráningu og Clutch til greiningar á badminton leikjum en betur má ef duga skal og hefur stjórn lagt áherslu á að þróa og fjárfesta enn frekar í tækniumhverfi félagsins til þess að efla þjónustu við félagsmenn, t.d er varðar tímabókanir, heimasíðu félagsins, upplýsingar um viðburði og annað er tengist starfi félagsins.

Töluvert bar á umræðu í stjórn er varðar breytingar á fyrirkomulagi í Deildarkeppni BSÍ. Þær veigamiklu breytingar sem hafa verið gerðar á keppnisfyrirkomulagi og reglum undanfarin ár voru að hluta til ekki ásættanlegar að mati stjórnar TBR og of lítið samráð var haft við einstök félög. Stjórn TBR hefur skorað á BSÍ að endurskoða reglur og keppnisfyrirkomulag og stuðla þannig að betri sátt og vinna aftur að því að fjölga liðum í þessari skemmtilegu keppni. Stjórn beitti sér einnig fyrir því á tímabilinu að styrkja sterkt þjálfarateymi í TBR enn frekar. Á síðasta ári fengum við Rögnu Ingólfssdóttur, margfaldur Íslandsmeistari og Ólympíufari í greininni, sem var mikil fengur fyrir félagið og svo hefur nú náðst samkomulag við Martin Kjellerup að hann verði enn meira hjá okkur og mun næsta vetur þjálfa leikmenn mánaðarlega og verða þjálfurum TBR innan handar við skipulag, menntun og áherslupunkta.

Stærsta verkefni stjórnar á síðasta tímabili var undirbúningur og framkvæmd á ráðningu nýs framkvæmdarstjóra félagsins þar sem fyrir lá að Sigfús Ægir Árnason myndi láta af störfum á haustdögum 2024 eftir að hafa gegnt stöðu framkvæmdarstjóra í um 43 ár. Það kom glögg í ljós að það er mikill áhugi á að starfa fyrir okkar góða félag og fengum við fjölmargar umsóknir frá öflugum fólki um stöðu framkvæmdarstjóra. Á sama tíma og við undirbúum að taka á móti nýjum aðila, viljum við nota þetta tækifæri til að þakka Sigfúsi fyrir hans ómetanlega framlag til okkar félags og badminton hreyfingarinnar á Íslandi síðustu áratugi. Nýr framkvæmdastjóri heitir Jens Sigurðsson og mun hefja störf hjá okkur á haustmánuðum. Jens sleit barnsskónum í TBR húsinu og hefur verið félagsmaður um langa hríð. Jens hefur komið víða við á starfsferli sínum, m.a. starfað fyrir Vodafone, Stöð 2 og Símann. Hann hefur verið virkur í íþróttahreyfingunni um áraðir og var á sínum yngri árum í landsliðum Íslands í golfi.

Ég vil þakka TBR-félögum, stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið og vona að framtíðin skili okkur enn sterkara TBR á morgun enn í gær.

Kveðja fyrir hönd stjórnar,
Gunnar Petersen, formaður stjórnar TBR.



Skýrsla Stjórnar TBR 2023 – 2024

TBR á og rekur tvö íþróttahús að Gnoðarvogi 1. Húsin eru einkum hönnuð fyrir badmintoniðkun, en auk þess er aðstaða fyrir borðtennis og leikfimi á staðnum. Starfsemi er frá kl. 8 á morgnana alla virka daga, og svo frá kl. 9 um helgar. Síðustu tímum er svo lokið um kl. 23 virka daga og um kl. 15 um helgar. Flestir badmintontímar sem eru í boði eru nýttir, einkum frá kl. 17, en fyrr um daginn eru unglingatímar. Skólaleikfimi er síðan fjóra morgna vikunnar.

Fjárhagur TBR er mjög góður. Félagið fær veglega styrki frá Reykjavíkurborg ár hvert. Auk þess er fjöldi badmintontíma leigður til almennings, sem greiðir fyrir aðstöðuna. Allar veðskuldir húsanna eru uppgreiddar og TBR er því skuldlaust að mestu leyti. Árlega skilar reksturinn ríflegum hagnaði, sem er nýttur til stærri framkvæmda, eða geymdur til verkefna framtíðarinnar.

Formaður TBR er Gunnar Petersen. Með honum í stjórn eru: Áslaug Árnadóttir, Sigrún Marteinsdóttir, Atli Tómasson og Jónas Baldursson. Til vara í stjórn er Kristófer Darri Finnsson. Fulltrúi ungra er Daníel Máni Einarsson. Yfirþjálfari TBR er Jóhann Kjartansson og framkvæmdastjóri Sigfús Ægir Árnason.

Hér á eftir er greint frá starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi TBR.

Keppnishópur TBR

Keppnishópurinn okkar er glæsilegur sem endranær og manna-val gott. Aldursbilið er nokkurt eða frá 14 ára uppí 37 ára. Þrátt fyrir þetta aldursbil ganga æfingar vel og gaman að eldri og yngri tengist vel. Allir í hópnum hafa tök á að æfa á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum í það minnsta. Valið er í þá hópa sem eiga kost á fleiri æfingum í viku. Nokkrir af þeim eldri eru líka að æfa með öðrum hópum félagsins. Mæting á æfingar og í mót þarf að vera góð enda ber hópurinn nafnið -Keppnishópur TBR-.

Þjálfarar keppnishópsins eru þau Atli Jóhannesson, Árni Þór Hallgrímsson, Jónas Huang og Ragna Ingólfssdóttir. Keppnishópur félagsins taldi 30 einstaklinga í vetur en þeir eru: *Ari Páll Egilsson, Birna Sól Björnsdóttir, Bjarki Hlífar Stefánsson, Bjarni Þór Sverrisson, Brynjar Petersen, Daníel Jóhannesson, Daníel Máni Einarsson, Davíð Bjarni Björnsson, Davíð Örn Harðarson, Eggert Þór Eggertsson, Eiður Ísak Broddason, Einar Óli Guðbjörnsson, Einar Sverrisson, Eiríkur Tumi Briem, Funi Hrafn Elíasen, Grímur Elíasen, Gústav Nilsson, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Jónas Baldursson, Jónas Orri Egilsson, Kristófer Darri Finnsson, Lilja Bu, Magnús Bjarki Lárusson, Óðinn Magnússon, Róbert Þór Henn, Sigríður Árnadóttir, Stefán Árni Arnarson, Vignir Haraldsson og Viktor Ström.*

Keppnishópur – Börn og unglingar

Þessi hópur samanstendur af börnum og unglingum á aldrinum U11 – U17. Þau sem eldri eru tilheyra mörg hver einnig keppnishópi fullorðinna og æfa því einnig einhver kvöldin. Þetta eru duglegir og metnaðaðarfullir krakkar og eru flest verulega áhugasömum að bæta sig. Mörg hver æfa mjög vel eða allt að 7

sinum í viku. Góður andi er innan hópsins og við fáum ekki betur séð en allir séu góðir félagar. Sum þeirra sem eru í U15 og eldri keppa mjög oft á fullorðinsmótum þannig að flestar helgar eru uppteknar við badmintonmót hjá þeim. Mörg þeirra eru Íslandsmeistarar í sínum aldursflokki. Ein stúlka í U15 náði að vinna sig í vetur uppí Úrvalsdeild í einliðaleik kvenna sem er virkilega góður árangur. Við gerum fastlega ráð fyrir því að einhver þessara flottu ungu spilara eigi eftir að vinna meistaratitla í efstu deild þegar frammí sækir.

Þjálfun eldri barna og unglinga

Mæting hjá þessum hópi sem í eru leikmenn á aldrinum 9 – 19 ára hefur verið afar góð í vetur. Stundum það góð að allir vellirnir 12 eru fullnýttir. Hér er um að ræða börn og unglinga sem gjarnan vilja æfa og vera með án þess endilega að keppa. Sumir vilja þó spreyta sig og keppa þá á B mótum eða vinamótum í yngsta flokknum. Í þessum tímum eru grunnatriðin kennd og reglur en stundum er farið í leiki. Af og til er farið í vallarkeppni í einliða- eða tvíliðaleik fyrir þau sem vilja vera með en um er að ræða einfalda útfærslu af keppni. Til okkar koma mörg sem ekki finna sig endilega í öðrum íþróttum. Markmiðið er að þau finni sig velkomin og að það sé gaman í tímunum.

Þjálfun yngri barna

Árni Þór og Jónas Huang eru með tíma fyrir 6-8 börn ára á þriðjudögum og föstudögum. Hér eru þau að stíga sín fyrstu skref á badmintonvöllinum. Mæting í vetur hefur verið með besta móti sem er mjög ánægjulegt. Áhersla er lögð á grunnþætti, grip og

fótaborð. Mest er þó lagt uppúr því að börnunum líði vel og að þeim finnist gaman. Þau sem eru spennt fyrir keppni gefst kostur á að taka þátt í nokkrum -Vinamótum- þar sem allir fá verðlaun.

Martin Kjellerup

Tengslin við Martin okkar héldu áfram á tímabilinu sem nú er að enda og hann kom nokkrum sinnum í heimsókn. Nokkrar langar helgar voru á dagskránni þar sem hann var með æfingar fyrir hina ýmsu hópa TBR frá U9 og upp í okkar allra bestu leikmenn. Um jól og páska voru stífar æfingar og lítið um frí hjá þeim allra áhugasömum. Hann var okkur þjálfurinn innan handar með skipulag æfinga og áherslupunkta og gaf okkur góð ráð. Varðandi næsta tímabil er stefnt á að hann komi mánaðarlega í heimsókn á löngum helgum og haldi áfram að hjálpa okkur að þróa þjálfunina í TBR til lengri tíma lítið.



Margrét og Stefán Árni

Margrét Jóhannsdóttir hélt áfram þjálfun í vetur eins og á síðasta tímabili en með breyttu sniði. Í vetur einbeitti hún sér að mestu leyti við unga og efnilega í U9 og U11 og var með tíma fyrir þann hóp á miðvikudögum. Sú yngsta í hópnum er ekki nema 6 ára. Hún er aðeins stærrí en spaðinn sinn en getur smassað ansi fast. Margrét stendur sig afar vel og vinnur gott starf. Stefán Árni Arnarson sér um þjálfun tvisvar í viku. Hann er á þriðjudögum með Rögnu hjá keppnishópi U11 og U13. Þá er hann með tíma á föstudögum hjá keppnishópi U13 til U17. Stefán Árni er öflugur og efnilegur þjálfari, og hefur góð tók á krökkunum. Það er frábært að fá þessa ungu þjálfara með okkur í lið til að gera gott starf enn betra.

Ragna Ingólfssdóttir

Ragna hóf störf hjá okkur í maímánuði á síðasta ári eftir að hafa lagt spaðann á hilluna eftir sinn síðasta leik sem var á Ólympíuleikunum í London árið 2012. Í stuttu máli er mikill happafengur að fá hana til starfa með alla sína reynslu, m.a.

keppni á tvennum Ólympíuleikum, í London 2012 eins og áður er getið og í Peking 2008. Ekki nóg með að Ragna hafi verið frábær leikmaður heldur hefur hún einnig sýnt að hún er líka mjög góður þjálfari, metnaðargjör og skipulögð. Hún sinnir m.a. keppnishópi U11 og U13 með Stefáni Árna, þjálfar keppnishóp fullorðinna á kvöldin, tekur yngri leikmenn í einkatíma, útbýr þrekþrógrömm fyrir yngri deildina og hefur góða eftirfylgni með þeim leikmönnum. Leikmönnum sem koma til með að taka við keflinu.

Föstudagsæfingar – tvíliðaleikur

Föstudagsæfingarnar eru orðinn fastur liðu í starfi félagsins og er í umsjón Árna Þórs eins og mörg undanfarin ár. Þetta eru allt öðruvísi æfingar en þær hefðbundnu. Keppt er í tvíliðaleik og notast er við styrkleikalista innan hópsins sem Árni heldur utan um. Raðað inná vellina eftir því hvar menn standa á listanum og allir keppa við alla á sama velli. Hægt er að vinna sig upp um völl eða falla niður um völl. Þetta eru skemmtilegir og fjörugir tímar. Af og til mæta fyrrum leikmenn úr keppnishópi í þessa tíma.

Skólabadminton

Ágæt gróska var í Skólabadmintoni í vetur og góð mæting. Skólabadmintonið á sér yfir 40 ára óslitna sögu og hófst með samstarfi við Langholtsskóla. Í upphafi kemur kennarinn með bekkinn sinn í heimsókn í TBR skómmu áður en tímarnir hefjast. Þá fer fram kynning á starfinu, krakkarnir fá gefins spaða og fá að spila í dágóða stund. Þau sem eru fjærst koma með rútu eða strætó á æfingar. Þau börn sem eru næst okkur koma fótgangandi eða á hjóli. 4. bekk í níu skólum býðst að koma í badminton einu sinni í viku annaðhvort fyrir eða eftir jól. Langholtsskóli er allan veturinn enda er badminton inni stundatöflu krakkaanna. Almenn ánægja er með þetta samstarf hjá öllum þeim aðilum sem að málinu koma. Eftirfarandi skólar voru hjá okkur í vetur: Ártúnsskóli, Álftamýrarskóli, Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, Háteigsskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli og Vogaskóli.



Þróunarhópur

Þróunarhópurinn svokallaði var í dvala í vetur í fyrsta sinn frá stofnun hópsins. Starfið gengur út á að eldri leikmenn taka að sér ungan og efnilegan leikmann í einkatíma í 12 skipti yfir önnina og vinna með því af sér æfinga- og keppnisgjöld þá önn. Enginn eldri leikmaður tók að sér fóstur í vetur. Vonandi verður meiri áhugi næsta vetur hjá mönnum að taka að sér svona vel launað starf og skemmtilegt.

Kvennatímar

Svokallaðir kvennatímar eru á þriðjudags- og föstudagsmorgnum kl. 9.20 – 10.10. Þetta er gamall og gróinn hópur með langa sögu í starfi TBR og ber nafnið -Morgunstjörnur-. Tíminn er opin bæði byrjendum og einnig þeim sem eru lengra komnar. Ekki þarf að skrá sig sérstaklega. Eingöngu er greitt fyrir tíma sem mætt er í og keypt eru 10 skipta kort í afgreiðslu. Fyrir nokkrum árum var brotið blað í starfi Morgunstjarna og karli hleypt í hópinn. Hann er ennþá að spila kátur og hress, 95 ára gamall. Tíminn endar oftast með kaffispjalli uppí félagsheimili. Markmiðið er að skemmta sér og fá útrás í góðra vína hópi. Jólamótið hefðbundna var haldið á aðventunni og gekk afar vel. Að móti loknu var sest við glæsilegt jólahlaðborð. Sigurvegari varð Jóhanna Emilsdóttir og í öðru sæti var Björk Unnarsdóttir. Sigurvegari í karlaflokki var Paul Jóhannsson.



Sumarskóli

Aðsóknin í Sumarskólann síðasta sumar var góð eins og undanfarin ár. Öll námskeiðin voru fullbókuð og biðlisti á sum þeirra. Um er að ræða 3 námskeið á hverju sumri og spannar hvert þeirra 2 vikur. Tvö námskeið eru strax þegar grunnskóla lýkur í júníbyrjun og svo eitt í kjölfar verslunarmannahelgarinnar. Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 6 – 13 ára. Börnin geta verið hálfan eða heilan dag og fyrir þau sem eru heilan dag er boðið uppá hádegisverð. Skipt er niður í 3 hópa eftir aldri. Sumarskólinn er leikjanámskeið með aðaláherslu á badminton. Einnig er farið í ýmiskonar leiki og þá eru þrautir bæði inni og úti á lóðinni okkar sem er stór og skemmtileg. Þegar vel viðrar er mikil útivera því nágrenni TBR er kjörið til útivistar með Laugardalinn í næsta nágrenni. Á hverju námskeiði er farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Laugardalslaugina, Ármannsheimilið, Orminn og leiksvæðið við Langholtsskóla. Í lok námskeiða er uppskeruhátíð. Þá er hoppukastalinn vinsæll, pylsur borðaðar með góðri lyst og að lokum fá börnin viðurkenningarskjal og verðlaunapening fyrir frammistöðuna. Við höfum ávallt lagt áherslu á öflugan hóp starfmannna á námskeiðunum.

Einkatímar fyrir almenning

Af og til er óskað eftir einkakennslu í badmintoni. Þjálfarar hafa tekið að sér einkatíma fyrir sanngjarnt verð. Það gerir ekkert nema gott að koma af og til í kennslu og auka við getu sína og verða enn betri.

Forvarnarhópur

Árni Þór hélt utan um starfsemi Forvarnarhópsins nú í vetur eins og undanfarin ár. Í hópnum eru um 12 krakkar úr Keppnishópnum frá aldrinum 14 ára og uppúr. Þetta eru iðkendur sem hafa valið þann heilbrigða lífsstíl að neyta ekki áfengis, annarra hugbreytandi efna eða tóbaks. Það er eina inntöku-skilyrðið. Reglulega er gert eitthvað skemmtilegt saman, út að borða, í bíó, í keilu, á skauta og annað áhugavert sem þau finna uppá.

Stykkishólmur

Helgina 16. – 17. mars fóru 20 krakkar úr keppnishópi U11 og U13 í æfingabúðir til Stykkishólms. Þorkell Ingi Eriksson og Stefán Árni Arnarson fóru sem þjálfarar og einnig nokkrir foreldrar til aðstoðar. Farið var frá TBR á laugardagsmorgni og komið til baka á sunnudagseftirmiðdegi. Aðstaðan í Stykkishólmi er frábær og gist var í íþróttahúsinu. Farið var í sund og haldin var kvöldvaka. Allt gekk eins og best verður á kosið, badmintonlega og félagslega.



Æfingabúðir í Danmörku

19 TBR krakkar frá aldrinum U13 – U19 fóru í æfingabúðir til Danmerkur um mánaðarmótin júlí/ágúst 2023. Búðirnar voru haldnar í Ishøj skammt utan Kaupmannahafnar og var Martin okkar þar í forsvari. Kristófer Darri Finnsson fór sem fararstjóri og einnig sem þjálfari á námskeiðinu sjálfu. Sigrún Marteins-

dóttir var fararstjóri. Á námskeiðinu voru að sjálfsögðu margir danskir krakkar og nýr kunningssskapur myndaðist. Fín aðstaða var í íþróttahúsinu sjálfu. Þar var gist og þar borðuðu krakkarinn morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Á kvöldin voru kvöldvökur, leikir og badmintonspil. Skemmtileg ferð var farið í Tívolí í Kaupmannahöfn. Ferðin gekk afar vel og við þökkum fararstjórunum kærlega fyrir. Allir komu heim reynslunni ríkari, ánægð, glöð og uppgefin.



Uppskeruhátíð TBR

Uppskeruhátíð TBR var haldin í Þróttheimum í lok maí 2023. Þar var glatt á hjalla, mörg skemmtiatriði, leikir og fjör. Allir fengu gos og pizzur. Sérstakar viðurkenningar voru veittar fyrir árangur vetrarins. Þau fengu að þessu sinni: Benjamín Blandon, Brynjar Petersen, Eggert Þór Eggertsson, Einar Óli Guðbjörnsson, Eiríkur Tumi Briem, Grímur Eliassen, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Sigrún Hekla Kjartansdóttir og Sonja Sigurðardóttir. Um 100 krakkar úr TBR mættu á hátíðina. Unglingaráðið var til aðstoðar á staðnum.




Evrópukeppni félagsliða

TBR tók þátt í Evrópukeppni félagsliða, sem fram fór í Oviedo á Spáni 19.-23. júní 2023. Þetta var síðasta skiptið a.m.k. í bili, sem þessi keppni var haldin. Í liðinu voru: Daníel Jóhannesson, Sigríður Árnadóttir, Kristófer Darri Finnsson, Arna Karen Jóhannsdóttir og Davíð Bjarni Björnsson. Þjálfari liðsins var Jónas Huang. BH tók einnig þátt í keppninni og fékk Gústav Nilsson TBR til liðs við sig. TBR lenti í riðli móti Helsingfors BC og tapaði 1:4. Þetta var jafn og harður leikur, þar sem 4 oddar voru spilaðir. Svo lék TBR við CB Rinconada-Sevilla, sem er mjög sterkur klúbbur á Spáni. TBR tapaði 0:5, eftir þó harða baráttu.

Einliðaleiksmót TBR

Einliðaleiksmót TBR var haldið 8. september 2023. Þetta var fyrsta badmintonmót tímabilsins. Keppt var í einum flokki karla og kvenna. Sigríður Árnadóttir TBR sigraði í kvennaflokknum og Gabríel Ingi Helgason BH vann karlaflokkinn. Í þessu móti eru aldrei til kallaðir dómara, en ætlast til að sá sem tapi að-toðið við dómgæslu á vellinum í næstu umferð.



Unglingameistaramót Reykjavíkur

Unglingameistaramót Reykjavíkur var haldið 16.-17. september. Mótið var á vegum Badmintonráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir TBR-ingar urðu Reykjavíkurmeistarar: Birna Sól Björnsdóttir, Brynjar Petersen, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Eggert Þór Eggertsson, Einar Óli Guðbjörnsson, Emil Víkingur Friðriksson, Funi Hrafn Elíasen, Grímur Elíasen, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Lilja Dórótea Theodórsdóttir, Óðinn Magnússon, Perla Kim Arnadóttir, Sigrún Hekla Kjartansdóttir, Sonja Sigurðardóttir, Þórdís Edda Pálmadóttir.



Unglingamót TBS

Unglingamót TBS var haldið á Siglufirði 30. september og 1. október 2023. Hópur TBR-inga fór norður í rútu og kepptu þar í badminton, en fóru einnig í sundferð til Ólafsfjarðar. Eftirtaldir TBR-ingar sigruðu í A-flokki: Birna Sól Björnsdóttir, Emil Víkingur Friðriksson, Fayiz Khan, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Dórótea Theodórsdóttir, Óðinn Magnússon og Sonja Sigurðardóttir. Árni Þór Hallgrímsson var fararstjóri og auk hans fór Margrét Jóhannsdóttir með sem þjálfari.



Opna TBR mótið

Opna TBR mótið var haldið 7.-8. október 2023. Keppt var í tveimur flokkum, Fullorðinsflokki, og U-19 flokki. Ástæðan var sú að hingað komu góðir gestir alla leið frá Ningbo, Kína. Ningbo er „aðeins“ 8 milljóna borg rétt hjá Shanghai. Hópur badmintoniðkenda þaðan komu sérstaklega hingað til þátttöku í mótinu, 4 karlar og 4 konur. Helmingurinn voru unglingaleikmenn U19 ára. Á föstudagskvöldinu 6. október var haldin liðakeppni milli gestanna og TBR. Reyndar fékk TBR góðan liðslauka frá BH, en Una Hrund Örvar keppti þá með eldra liðinu. Gestirnir unnu flesta leikina, en meistarnir okkar, Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson unnu tvíliðaleikinn eftir harða baráttu. Leikar fóru því 0:5 í unglingaflokki, en 1:4 í fullorðinsflokki. Á laugardegi og sunnudegi var svo keppt í öllum greinum karla og kvenna. Þar fóru leikar svo að gestirnir unnu flesta flokkana. Sigríður Árnadóttir og Daníel Jóhannesson stóðu sig best af okkar fólki og unnu tvenndar-leikinn. Þessi gestakoma er líklega upphafið að samstarfi TBR og Ningbo-badminton. Stefnt er að Kínaferð 2025 eða 2026. Umgjörð mótsins var eins vegleg og unnt var. Keppt var á fjórum mottum og fengnir dómara og teljarar eftir því sem þurfti.



Íslandsmót öldunga

Íslandsmót öldunga var haldið í Hafnarfirði 17.-18. október 2023. Margir „heldri“ TBR-ingar tóku þátt í mótinu, og má sérstaklega geta þess að Magnús Ingi Helgason sem býr í Danmörku heimsótti okkur og keppti. Eftirtaldir TBR-ingar urðu Íslandsmeistarar í viðkomandi aldurs- og styrkleikaflokki: Aðalheiður Pálsdóttir, Davíð Thor Guðmundsson, Elsa Nielsen, Gylfi Óskarsson, Haukur Þórðarson, Magnús Ingi Helgason, Njörður Ludvigsson



Vetrarmót barna og unglunga

Vetrarmót barna og unglunga 2023 var haldið 28.-29. október. Unglingaráð TBR og Mótsstjórn TBR sáu um skipulagið. Keppt var í flestum greinum og flokkum, U13, U15, U17 og U19. Keppendur voru frá: TBR, Hamri, UMFA, ÍA, BH, Tindastól og TBS. Eftirtaldir TBR-ingar sigruðu: Birna Sól Björnsdóttir, Daníel Máni Einarsson, Eggert Þór Eggertsson, Einar Óli Guðbjörns-son, Eiríkur Tumi Briem, Emil Víkingur Friðriksson, Eva Promme, Fayiz Khan, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Perla Kim Arnardóttir og Sigrún Hekla Kjartansdóttir.

Ljúflingamót TBR

Ljúflingamót TBR var haldið 9. desember 2023. Keppt var í flokkum U9 og U11 ára barna. Skipt var í riðla óháð kyni og kepptu allir 4-5 leiki. Notaðir voru plastboltar og mótsgjald var einungis 200 kr. á mann. Ekki var spurt um úrslit, en allir fengu flotta gullmedalíu að keppni lokinni. Þátttakendur voru um 70 talsins.



Haustmót trimmara

Haustmót trimmara var 5. nóvember 2023. 24 kepptu í mótinu og voru leiknar 5 umferðir. Keppendur voru dregnir saman í hverri umferð. Jón Sólmundsson og Erla Rós Heiðarsdóttir sigruðu í mótinu.

„Innilega“ í TBR

Innilega í TBR. - Flestir fara í útilegu, einkum á sumrin. Krökkun-um finnst þó enn meira spennandi að fá að gista í TBR. Svoköll- uð „innilega“ var aðfararnótt 5. nóvember, en þá fékk hópur unglunga að sofa í húsinu. Margt var á dagskrá, badminton, bingó, leikir, þrautabraut, pizza o.fl. Nokkrir foreldrar voru með og gættu þess að allt fór vel fram um kvöldið og nóttina.

Styrkur úr Afrekssjóði

TBR fékk veglegan styrk úr Afrekssjóði ÍBR og Reykjavíkurborgar fyrir árangur í Deildakeppni BSÍ 2023. Kristófer Darri Finnsson liðsstjóri TBR tók við viðurkenningu í Ráðhúsinu úr hendi borgarstjórans, Dags B. Eggertssonar og Ingvars Sverrissonar formanns ÍBR.



Firmakeppni TBR

Firmakeppni TBR var haldin í TBR 1. desember 2023. Fjöldmörg fyrirtæki styrkja félagið árlega og senda mörg þeirra keppendur í mótið. Leikinn var tvíliðaleikur með forgjöf, og var reynt að gefa plúsa og mínusa eftir því hver liðin voru talin „efnileg“. Að lokum stóðu -Tannsteini- uppi sem sigurvegari, en mæðgurnar Iðunn Jakobsdóttir og Sigrún Marteinsdóttir kepptu. Rafco varð í öðru sæti með Eirík Tuma Briem og Lilju Bu sem keppendur. Öllum keppendum og gestum var boðið í pizzu- og subway veislu eftir mótið. Við þökkum öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.

Jólamót unglunga

Jólamót unglunga var haldið 16. desember. Keppt var í riðlum í einliðaleik í A- og B- flokkum unglunga. Keppendur komu frá TBR, UMFA, KR, BH, Hamri og TBS. Unglingaráð TBR var Mótsstjórn TBR til aðstoðar. Eftirtaldir TBR-ingar sigruðu í A-flokki: Birna Sól Björnsdóttir, Fayiz Khan, Eiríkur Tumi Briem og Sigrún Hekla Kjartansdóttir.

Jólamót trimmara

Jólamót trimmara var haldið 17. desember. Keppt var í tvíliða/tvenndarleik og leiknar 5 umferðir. Keppendur voru dregnir saman hverju sinni. 32 þátttakendur voru með að þessu sinni, sem er met. Sunna Karen Ingvarsdóttir og Dimitri Plugari sigruðu í mótinu. Í lok mótsins voru afhent verðlaun fyrir trimmkeppnina á haustönn 2023. Sigrún Marteinsdóttir og Ólafur Páll Bjarkason sigruðu þar.



Jólaskólámót

Jólaskólámót 4. bekkjar krakka í TBR var haldið 22. desember. 42 krakkar kepptu og ekki var spurt um úrslit. Allir fengu svo TBR-ból í verðlaun. Þetta er nokkurs konar uppskeruhátíð þessa hóps. Svo vonum við að einhverjir þeirra skili sér inn í keppnishóp TBR í framtíðinni. Vaskur hópur eldri unglunga félagsins mætti til að aðstoða við talningu og þökkum við þeim fyrir aðstoðina.



TBR-fiðrildi, Hákarlar og Sleggjur

TBR-fiðrildi, Hákarlar og Sleggjur héldu sitt árlega jólamót í badminton 29. des. s.l. Birgir Hilmarsson og Áslaug Jónsdóttir sigruðu. Um 30 leikmenn tóku þátt og var keppt í tvíliða/tvenndarleik.

EFLUM STELPURNAR!

Árið 2023 í TBR endaði á „stelpuhittingi“ í badminton. Keppnislíð ungra sem eldri stelpna hittist 30. desember og keppti í badminton og ýmsu öðru. Að lokum var svo sameiginleg mál-tíð! Margrét Jóhannsdóttir, Arna Karen Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir og Lija Bu sáu um skipulagið.

Meistaramót TBR

Meistaramót TBR var haldið 6.-7. janúar 2024. Keppt var í öllum greinum í Úrvals, 1- og 2. deild. Keppendur komu frá TBR, KR, ÍA, BH, Hamri, TBS, UMFA og Tindastól. Settar voru upp fjórar keppnismottur, og reynt var að halda allri umgjörð og skipulagi mótsins við hæfi. Sigríður Árnadóttir TBR sigraði í öllum greinum. Auk einliðaleiksins varð hún TBR meistari í tvíliðaleik með Örnun Karen Jóhannsdóttur og í tvenndarleiknum með Daníel Jóhannessyni. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR urðu TBR-meistarar í tvíliðaleik karla og jafnframt sigraði Daníel Jóhannesson í einliðaleiknum.

RIG - Iceland International Badmintonmótið

RIG - Iceland international badmintonmótið 2024 var haldið 25.-29. janúar 2024. Þetta er ætíð einn af hápunktum vetrarins í íslensku badmintonstarfi. Badmintonsamband Íslands sá um mótið, en fjöldi sjálfboðaliða kom til liðs við BSÍ og aðstoðaði eftir því sem þörf var á. Öll umgjörð og skipulag var glæsileg og til mikilla sóma fyrir Badmintonsambandið. Keppendur voru um 200 talsins frá 36 löndum. 36 Íslendingar tóku þátt og var árangur okkar fólks ágætur. 7 leikmenn náðu fram í 8 liða úrslit og þau Drífa Harðardóttir ÍA og Kristófer Darri Finnsson TBR kepptu í undanúrslitum.





RIG
Unglingameistaramót
TBR

Reykjavíkurmót



Íslandsmót
unglinga



RIG unglunga - Unglingameistaramót TBR

RIG unglunga - Unglingameistaramót TBR var haldið 3.-4. febrúar 2024. Um 30 færeyskir leikmenn úr HBF (Havnar badmintonfélag) heimsóttu okkur að þessu sinni, og fylgdi fjöldi foreldra með. Mótið var haldið á laugardegi og sunnudegi, en á föstudagskvöldinu var liðakeppni milli HBF og TBR. Keppt var í U13 flokki, U15 flokki og U17/19 flokki. 7 leikir voru í hverri viðureign. TBR sigraði U13 keppnina 6:1. Í U15 keppninni vann TBR einnig 6:1, og að lokum vann TBR U17/19 keppnina 4:3. Unglingaráð TBR o.fl. sáu um skipulag mótsins. Keppendur voru frá TBR, Hamri, ÍA, BH, Tindastól, TBS, UMFA og HBF. Eftirtaldir TBR-ingar sigruðu í A-flokknum: Birna Sól Björnsdóttir, Einar Óli Guðbjörnsson, Eggert Þór Eggertsson, Eiríkur Tumi Briem, Emil Víkingur Friðriksson, Fayiz Khan, Funi Hrafn Eliassen, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Óðinn Magnússon, Sonja Sigurðardóttir og Þórdís Edda Pálmadóttir. Rétt er að geta þess að þetta er síðasta RIG unglungamótið. Næst verða Reykjavíkuleikarnir eina helgi, og þá verður Iceland open badmintonmótið haldið.



IKAST, Danmerkurferðin

IKAST ferðin var í byrjun mars. Stór hópur vaskra TBR unglunga fór til keppni í badmintonmóti. Mótið er risastórt og er leikið í um 10 keppnishöllum í Íkast og nærliggjandi bæjum. TBR-ingarnir kepptu í fjórum íþróttahúsum. Mjög góður árangur náðist að þessu sinni, en þau Iðunn Jakobsdóttir, Einar Óli

Guðbjörnsson og Lilja Bu sigruðu öll í M-flokki mótsins í einliðaleik. Fyrsta sinn sem okkur tekst að sigra í M. Allir ferðalangarnir kepptu fjölda leikja en mótið er skipulagt í riðlum í flestum greinum og flokkum. Ásamt keppendum voru þau Árni Þór Hallgrímsson, Pétur Hemmingsen, Jónas Huang, Sigfús Ægir Árnason og Unnur Einarsdóttir með í ferðinni. Gist var í tveimur stórum sumarústöðum. Á sunnudagskvöldinu var svo kvöldvaka þar sem allir keppendur og aðrir tróðu upp með skemmtiatriðum, leikjum og söng.



Meistaramót Reykjavíkur

Meistaramót Reykjavíkur var haldið 16.-17. mars 2024. Badmintonráð Reykjavíkur sá um skipulag mótsins og mótsstjóri var Unnur Einarsdóttir formaður BRR. Keppendur komu frá TBR, KR, UMFA, Samherja, BH auk nokkurra leikmanna sem heimsóttu okkur frá Svíþjóð. Daníel Jóhannesson TBR og Lilja Bu TBR sigruðu í einliðaleik. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR unnu tvíliðaleik karla. Lilja Bu TBR og Una Hrund Örvar BH sigruðu í tvíliðaleik kvenna.

Unglingameistaramót Íslands

Unglingameistaramót Íslands í badminton var haldið í TBR-húsum 5.-7. apríl 2024. Mótið var haldið í samvinnu TBR og BSÍ. Hópur landsliðsmanna félagsins kom til aðstoðar við undirbúning og skipulag. Unnur Einarsdóttir var mótsstjóri f.h. félagsins. Keppni hófst kl. 17.30 á föstudegi, en var svo fram haldið kl. 9 á laugardags- og sunnudagsmorgni. U11-B hópurinn keppti í litla TBR-húsinu á laugardagseftirmiðdegi. Þar voru úrslit ekki skráð. Í úrslitum mótsins á sunnudeginum voru svo fleiri eldri keppismenn og meistarar TBR kallaðir til og sinntu þeir dómgæslu. Að móti loknu bauð TBR öllu aðstoðarliðinu síðan í mat á TIAN, Grensásveginum. Eftirtaldir TBR-ingar urðu Íslandsmeistarar í A-flokki unglunga: Birna Sól Björnsdóttir, Einar Óli Guðbjörnsson, Emil Víkingur Friðriksson, Fayiz Khan, Funi Eliassen, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Iðunn Jakobsdóttir, Lilja Bu, Óðinn Magnússon og Þórdís Edda Pálmadóttir. Allir keppendur fengu spánýja og sérmerka YONEX boli fyrir mótið. TBR-hópurinn var því flottur eins og reyndar alltaf á Íslandsmótum unglunga.



Deildakeppni BSÍ

Deildakeppni BSÍ var haldin frá nóvember 2023 til apríl 2024. Keppnis dagar voru 9. Stjórn TBR hefur barist s.l. tvö ár gegn breyttum reglum keppinnar og telur þær óásættanlegar fyrir félagið. Þar sem ekki tókst að fá lagfæringu á núverandi reglum var ákveðið var að taka ekki þátt í efstu deild. Eitt lið var þó sent í 1. deild, en ekki var sent yngra unglingalið TBR í 2. deildina að þessu sinni vegna skipulags keppinnar. Sameiginlegt lið TBR og KR keppti einnig í 1. deildinni. Allir aðrir trimmhópar TBR

sem hafa keppt í Deildakeppninni undanfarna áratugi hafa ekki áhuga á að binda sig margar helgar yfir veturinn og taka því ekki lengur þátt. Einungis 11 lið voru með að þessu sinni, en fyrir nokkrum árum tóku oft yfir 20 lið þátt í Deildakeppni BSÍ. Lið TBR í 1. deild sigraði alla andstæðinga sína þar. Í liðinu voru: Daníel Máni Einarsson, Eggert Þór Eggertsson, Einar Óli Guðbjörnsson, Eiríkur Tumi Briem, Funi Hrafn Eliassen, Hrafnhildur Magnúsdóttir og Iðunn Jakobsdóttir.



OK mótið (Opna kvennamótið)

OK mótið (Opna kvennamótið) í badminton 2024 var haldið í TBR 13. apríl. Svokallaður „Dívuhópur“ hefur frumkvæðið að þessu móti og skipuleggur. Um 30 þátttakendur voru með að þessu sinni. Keppt var í tvíliðaleik. Þrjár voru jafnar í fyrsta sæti, dregið var um hver tæki bikarinn heim, það voru Jóhanna Emilsdóttir, Lilja Sólrún Guðmundsdóttir og Helga Birna Brynjólfssdóttir. Jóhanna hefur farandbikarinn þar til næsta mót verður haldið.



Meistaramót Íslands

Meistaramót Íslands í badminton var haldið í Hafnarfirði 25.-27. apríl 2024. Mótið var haldið í samvinnu BSÍ og BH. Umgjörð og skipulag var mótshöldurum til mikils sóma. Þátttakendur voru fjölmargir og komu íslenskir leikmenn m.a. frá Noregi, Danmörku og Spáni til að taka þátt í mótinu. Eftir mótið var svo haldin uppskeruhátíð leikmanna og annarra, þar sem fólk skemmti sér fram á nótt.

Kári Gunnarsson TBR endurheimti Íslandsmeistaratitilinn. Hann sigraði Róbert Þór Henn TBR 21/13 og 21/19 í úrslitaleik. Kári hafði áður unnið m.a. Daníel Jóhannesson TBR, en Daníel var ríkjandi meistari s.l. þrjú ár. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR urðu Íslandmeistarar í tvenndarleik eftir sigur á Kristófer Darra Finnssyni TBR og Drífu Harðardóttur ÍA 21/18, 21/23 og 21/15. Davíð Bjarni Björnsson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik eftir sigur á Jónasi Baldurssyni TBR og Daníel Jóhannessyni TBR 21/16 og 21/12.

Gerda Voitechovskaja BH hélt titlinum eftir sigur á Sigríði Árnadóttur TBR 21/17 og 21/9. Gerda Voitechovskaja BH og Drífa Harðardóttir ÍA urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik móti Sigríði Árnadóttur TBR og Örnun Karen Jóhannsdóttur TBR 15/21, 22/20 og 21/19.

ÍA mót

Íþróttahús Akurnesinga á Vesturgötunni var lokað í vetur vegna lagfæringa. Skagamenn héldu því bæði opnu mótin sín í TBR-húsi þennan veturinn í samvinnu við félagið. Fullorðinsmótið, Meistaramót ÍA var í október og Landsbankamótið, sem er unglíngamót var svo haldið í mars. Reikna má með því að Íþróttahúsið á Vesturgötu verði opnað aftur næsta haust.

YONEX

TBR flytur inn YONEX vörur og selur í húsinu og víðar. Sterkustu leikmenn félagsins fá stuðning frá félaginu, þ.e. YONEX spaða og fatnað. Fjórir nýjir YONEX leikmenn bættust við þennan veturinn, Daníel Máni Einarsson, Eggert Þór Eggertsson, Funi Eliassen og Iðunn Jakobsdóttir.

Badmintonfólk ársins

Badmintonfólk ársins 2023 var kjörið af hálfu BSÍ. Það voru þau Davíð Bjarni Björnsson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR, bæði tvöfaldir Íslandsmeistarar í badminton, sem hlutu þá viðurkenningu að þessu sinni. Þau voru heiðruð að því tilefni í samkvæmi á vegum ÍSÍ í byrjun janúar s.l.

Badmintonráð Reykjavíkur

Badmintonráð Reykjavíkur er undir stjórn Unnar Einarsdóttur. BRR heldur Unglíngameistaramót Reykjavíkur, svo og Meistaramót Reykjavíkur í fullorðinsflokkum. Unnur fær með sér nokkra aðila til aðstoðar við mótahaldið hverju sinni. Einnig eru dómamar og teljarar kallaðir til eftir því sem tæk eru á. Íþróttabandalag Reykjavíkur styrkir BRR um veglega fjárupphæð ár hvert til að standa straum af kostnaði við mótin.

Mótsstjórn TBR

Mótsstjórn TBR er skipuð þeim Unni Einarsdóttur, Laufeyju Sigurðardóttir, Haraldi Sigfússyni og Árna Gestu Sigfússyni. Framkvæmdastjóri TBR er svo mótsstjórninni til halds og trausts. Verkefni Mótsstjórnarinnar eru Einliðaleiksmót, TBR-opið og Meistaramót TBR. Einnig aðstoða einstaklingar úr Mótsstjórninni Unglíngaráðið við þau mót sem eru á þeirra könnu. Reynt er að hafa mótin sem veglegust hverju sinni. Keppnismottur eru settar upp í TBR-opna mótinu og Meistaramóti TBR. Jafnframt eru dómamar og teljarar kallaðir til eftir því sem unnt er.

Unglíngaráð TBR

Unglíngaráð TBR er undir stjórn Daníels Mána Einarssonar. Með honum eru í ráðinu Eggert Þór Eggertsson, Eiríkur Tumi Briem, Funi Eliassen, Hrafnhildur Magnúsdóttir og Lilja Bu. Verkefni ráðsins eru Vetrarmót, Jólámót, RIG-unglínga, svo og aðstoð í Uppskeruhátíðinni. Unglíngaráð TBR hefur löngum verið „uppeldisstöð“ í félaginu. Þaðan koma oft meistarar framtíðarinnar, svo og þeir sem veljast í stjórn og önnur félagsstörf. Núverandi formaður TBR var einnig formaður Unglíngaráðs á sínum tíma.

Trimmtímar - byrjendanámskeið

Ástþór Magnús Þórhallsson tók að sér Trimmtímana í vetur. Ástþór keppti um árabíl í unglíngaflokkum og er nú kominn aftur til félagsins eftir nám og vinnu erlendis. Trimmtímarnir hafa verið vel sóttir í vetur og stundum þurft að fá aukavöll í stóra húsinu. Jafnframt hefur Ástþór séð um byrjendanámskeið í badminton, sem einnig hafa verið mjög vel sótt. Það er mikill fengur fyrir TBR að fá Ástþór til starfa.

Badmintonsamband Íslands

Badmintonsamband Íslands er undir stjórn Kristjáns Daníelssonar. TBR á fjóra fulltrúa í stjórninni, en þau eru Guðbjörg Guðlaugsdóttir, Guðrún B. Gunnarsdóttir, Haukur Þórðarson og Pétur Karl Hemmingsen. Verkefni BSÍ eru fjölmörg. Má helst nefna mótahaldið, Iceland International, Unglíngameistaramót Íslands, Meistaramót Íslands og Íslandsmót öldunga. Einnig er

farið í nokkrar landsliðsferðir árlega, og þar að auki eru keppendur sendir á mörg alþjóðleg mót. Kristófer Darri Finnsson TBR og Davíð Bjarni Björnsson TBR eru á sérstakri vegferð á vegum BSÍ, þar sem þeir taka þátt í a.m.k. 10 alþjóðlegum mótum á árinu. Kenneth Larsen er landsliðsþjálfari Íslands í badminton. Heldur hann nokkrar æfingabúðir árlega þar sem margir leikmenn í unglunga- og fullorðinsflokkum er til kallaðir.

Borðtennisdeild Víkings

Borðtennisdeild Víkings er með alla sína starfsemi í kjallara TBR. Þetta samstarf TBR og Víkings hefur staðið í um 40 ár. Borðtennismót Víkings eru haldin í stóra TBR-húsinu, og á félagið fullkominn búnað fyrir slíkar keppnir. Víkingur er án efa sigursælasta borðtennisfélagið á landinu gegnum tíðina og eiga oftast flesta Íslandsmeistarana bæði í einstaklings- og liðakeppnum. TBR hefur talsverðar tekjur vegna leigu á salnum.

Skólaleikfimi

Langholtsskóli leigir aðstöðu í TBR fyrir leikfimikennslu. Hún er á þriðjudags- og föstudagsmorgnum. Nú eftir jól bættust hópar úr Grindavík við á mánudags- og miðvikudagsmorgnum. Þar með eru nær allir tímar í stóra húsinu fullnýttir frá morgni til kvölds.

Nýr framkvæmdastjóri

Nýr framkvæmdastjóri mun taka til starfa hjá TBR næsta vetur. Jens Sigurðsson hefur verið ráðinn í stöðuna, en hann var valinn úr stórum hópi umsækjenda. Sigfús Ægir Árnason sem hefur verið framkvæmdastjóri TBR mun þá láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Tennishús TBR

Tennishús TBR er ætíð nefnt í Ársskýrslunni. Lítið hefur þó gerst í málinu frá því húsið var samþykkt af hálfu Reykjavíkurborgar 2007. Þegar „landið féll á hliðina“ fjárhagslega var málinu frestað, og er frestunin enn í gildi. Þó er tennishús aftur komið á framkvæmdaáætlun í íþróttamálum borgarinnar til 2030. Vonandi mun eitthvað gerist í málinu fyrir þann tíma.

Heimasíða TBR - Facebook síða TBR

Heimasíða TBR er www.tbr.is. Þar eru upplýsingar um starfsemina, lausa tíma, stefnumál, skýrslur og reikninga o.m.fl. Daglegar fréttir frá TBR eru hins vegar settar á Facebook síðu TBR. Þar koma fram tilkynningar um mót, úrslit, alls konar

viðburði og fjöldi mynda. Við hvetjum fólk til að „followa“ síðuna, svo þessar fréttir birtist sjálfkrafa hjá viðkomandi. Daníel Jóhannesson hefur séð um heimasíðu félagsins undanfarin ár.

www.noona.is/tbr

www.noona.is/tbr er tölvusíða þar sem hægt er að panta staka badmintontíma með allt að viku fyrirvara. Þetta er mjög mikið notað, og flestir tímar sem leigjast ekki fast eru nýttir fyrir þá sem vilja koma í badminton stöku sínum. Þá er einnig hægt að bóka þessa tíma með ósk um fasta tíma í framhaldinu, eða nýta 10 tíma kort í eigu viðkomandi.

Sportabler kerfið

Sportabler kerfið fyrir íþróttaskráningar er í notkun hjá TBR. Allir unglingar sem æfa hjá félaginu eru skráðir þar inn og forráðamenn geta í framhaldinu greitt fyrir æfingarnar með frístundakorti eða greiðsluseðli. TBR er með samning við Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Mosfellsbæ varðandi notkun á frístundakorti.

CLUTCH

Búið er að setja upp „CLUTCH“ myndavélar við 5 velli í stóra húsinu. Hægt er að kaupa áskrift og nota þessar vélar til greiningar á badmintonleikjum. Kári Gunnarsson badmintonmeistari vinnur við hönnun og þróun þessa kerfis.

Framkvæmdir

Framkvæmdir í TBR-húsum og lóð eru alltaf talsverðar á hverju ári. Stanslaust þarf að endurnýja og yfirfara pípu- og ofnalagnir, yfirfara sturtur, loftræstingu og blöndunartæki. Þá eru ætíð fjölmörg verkefni fyrir rafvirkja TBR. Ljós þarf að endurnýja m.t.t. led tækninnar, sem er að ryðja sér til rúms. Þar að auki þarf að lagfæra fjölmargar lagnir og tengingar eftir því sem þær skemmast eða ganga úr sér. Smiður var ráðinn til TBR til að setja upp ný salerni og vaska auk fleiri verkefna á því sviði. Sumrin eru svo notuð til að mála og snyrta húsin og lóðina eins og hægt er. TBR á rétt á framkvæmdastyrk frá Reykjavíkurborg fyrir meiri háttar viðhaldi. Nú er búið að senda aftur inn umsókn um endurnýjun allra badmintonvallanna, en tréverkið er að miklu leyti úr sér gengið eftir áratuga notkun. Engin svör fást við þessum beiðnum. Hins vegar er von á nýjum samningi milli borgar og íþróttahreyfingarinnar varðandi þessi mál á næstu árum.

TBR 85 ára

TBR varð 85 ára 4. desember s.l. Engin stórhátíð var haldin að þessu sinni en í staðinn var öllum gestum og gangandi boðið í afmælsköku, gos og kaffi á afmælisdeginum. Þrjár risastórar marsípantertur hurfu ofan í TBR-inga þann daginn. Til hamingju TBR!



Vorskólamót

Vorskólamót 4. bekkinga í TBR var haldið 1. maí. Um 70 krakkar mættu til keppni ásamt fjölda foreldra og ættingja. Keppt var í einliðleik. Keppendur voru dregnir saman í hverri umferð, en ekki spurt um úrslit. Að lokum fengu svo allir gullpening í verðlaun. Um 30 ungir TBR-ingar voru til aðstoðar við undirbúning og talningu í mótinu.



Vormót trimmara

Vormót trimmara 2024 var haldið í TBR sunnudaginn 5. maí. Umsjón með mótinu höfðu Ástþór Magnús Þórhallsson og Laufey Sigurðardóttir. Mjög góð þátttaka var og keppt í aðal- og aukaflokkum í flestum greinum.

Helgi Valur Pálsson og Sigrún Marteinsdóttir sigruðu í einliðaleik. Helgi Valur Pálsson og Ólafur Páll Bjarkason sigruðu í tvíliðaleik karla. Arndís Sævarsdóttir og Sigrún Marteinsdóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna. Hrafn Örlygsson og Erla Rós Heiðarsdóttir sigruðu í tvenndarleik. Í lokin voru svo veitt verðlaun fyrir Trimmátímakeppnina á vorönn 2024, en þar sigruðu Sigrún Marteinsdóttir og Ólafur Páll Bjarkason.



Líf og fjör í TBR



Rekstrarreikningur 01.09. 2022- 31.08. 2023

		2022-2023	2021-2022	Áætlun 2023-2024
Skýr:				
Rekstrartekjur:				
Tímaleiga.	1	129.302.889,00	122.944.211,00	139.500.000,00
Sala í verslun.	2	23.623.359,00	21.973.864,00	24.500.000,00
Aðrar tekjur.	3	67.643.778,00	56.715.704,00	71.800.000,00
		220.570.026,00	201.633.779,00	235.800.000,00
Rekstrargjöld:				
Móta- og þjálfunarkostnaður.	4	73.097.512,00	67.674.320,00	81.700.000,00
Rekstur húss og félags.	5	111.100.280,00	100.084.744,00	121.300.000,00
Rekstur verslunar.	6	15.024.013,00	11.668.306,00	17.000.000,00
		199.221.805,00	179.427.370,00	220.000.000,00
Hagnaður af félagsrekstri.		21.348.221,00	22.206.409,00	15.800.000,00
Rekstur fasteigna og aðrir liðir:				
Fjármagnskostnaður.		37.977,00	105.191,00	0,00
		37.977,00	105.191,00	0,00
Hagnaður ársins.		21.310.244,00	22.101.218,00	15.800.000,00

Efnahagsreikningur

	2022-2023	2021-2022
Eignir:		
Fastafjármunir:		
Íþróttahús 1 og 2, brunabótamat.	1.580.855.784,00	1.483.123.919,00
Tennishús-hönnun.	695.278,00	695.278,00
Lóð T.B.R.	170.531.260,00	159.988.655,00
Áhöld og húsbúnaður.	1.821.054,00	1.937.283,00
Framkvæmdareikningur.	12.941.343,00	12.170.222,00
Fastafjármunir samtals.	1.766.844.719,00	1.657.915.357,00
Veltufjármunir:		
Innstæður á bankareikningum.	39.037.710,00	37.745.060,00
Vörubirgðir verslunar.	14.586.822,00	14.981.872,00
Veltufjármunir samtals.	53.624.532,00	52.726.932,00
Eignir samtals.....	1.820.469.251,00	1.710.642.289,00

31. ágúst 2023

Skuldir og eigið fé

	2022-2023	2021-2022
Eigið fé:		
Endurmatsreikningur.	1.173.145.259,00	1.078.862.065,00
Höfuðstólsreikningur.	632.541.821,00	611.231.577,00
Eigið fé samtals.	<u>1.805.687.080,00</u>	<u>1.690.093.642,00</u>
Skuldir:		
Lánadrottnar.	14.782.171,00	19.801.876,00
Skuldabréfalán/veðskuldir.	0,00	746.771,00
Skuldir samtals.	<u>14.782.171,00</u>	<u>20.548.647,00</u>
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>1.820.469.251,00</u>	<u>1.710.642.289,00</u>

Til aðalfundar T.B.R. 2024

Ég hef endurskoðað bókhald og ársreikning Tennis og badmintonfélags Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 og legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 24. febrúar 2024


Skoðunarmaður

Sundurliðun með ársreikningi 31. ágúst 2023

	2022-2023	2021-2022	Áætlun 2023-2024
Skýring 1. Tímaleiga:			
Tímaleiga/árgjöld.	80.646.079	76.058.422	87.000.000
Námskeið/trimmtímar.	3.281.210	3.103.100	3.300.000
Unglingatímar/sumarskóli.	22.644.037	22.340.734	23.500.000
Sumartímar.	2.833.750	2.085.696	3.000.000
Leikfimitímar.	9.051.021	8.455.322	11.000.000
Keppnisæfingar.	1.272.900	1.660.020	1.300.000
Borðtennis.	9.435.272	9.110.917	10.300.000
Kastæfingar	138.620	130.000	100.000
	<u>129.302.889</u>	<u>122.944.211</u>	<u>139.500.000</u>
Skýring 2. Sala í verslun:			
Sala í verslun.	28.893.282	26.960.572	
Vsk.	-5.269.923	-4.986.708	
	<u>23.623.359</u>	<u>21.973.864</u>	<u>24.500.000</u>
Skýring 3. Aðrar tekjur:			
Lottó/Getraunir	2.860.052	2.944.492	2.900.000
Þáttökugjöld v/móta.	3.817.062	3.905.975	3.800.000
Styrkir frá ÍBR/ÍTR o.fl..	48.900.402	45.877.974	53.000.000
Dósaöfnun/auglýsingar	428.500	297.656	400.000
Tekjur v/ferðalaga.	3.698.976	2.125.315	3.700.000
Ýmsar fjáraflanir.	860.000	1.020.114	1.000.000
Aðrar tekjur.	7.078.786	544.178	7.000.000
	<u>67.643.778</u>	<u>56.715.704</u>	<u>71.800.000</u>
Skýring 4. Móta og þjálfunarkostnaður:			
Verðlaun.	645.460	559.560	700.000
Boltar/áhöld í mót og æfingar.	7.826.052	6.741.368	8.000.000
Annar kostnaður v/móta.	2.646.277	2.796.946	2.600.000
Ferðakostnaður innanlands.	1.259.956	710.726	1.500.000
Skemmtanir.	540.545	707.984	500.000
Erlendar heimsóknir.	1.694.542	1.304.326	4.000.000
Utanlandsferðir.	7.336.638	7.200.354	8.000.000
Þjálfunarkostnaður.	46.504.433	43.447.143	49.000.000
Þáttökugjöld greidd af TBR.	2.898.500	2.881.200	2.900.000
Annað.	896.460	1.324.713	1.000.000
Styrkir til BSÍ	848.649	0	3.500.000
	<u>73.097.512</u>	<u>67.674.320</u>	<u>81.700.000</u>

	2022-2023	2021-2022	Áætlun 2023-2024
Skýring 5: Rekstur húss og félags:			
Laun og launat. gjöld v/TBR-húss.	74.374.700	66.238.269	82.000.000
Ritföng, frímerki, greiðsluseðlar.	669.162	759.550	700.000
Fundir, kaffikosnaður	576.610	516.260	600.000
Viðhald húsnæðis og hreinlætisvörur.	6.049.308	4.369.169	6.500.000
Sími	1.070.501	883.116	1.100.000
Auglýsingar.	29.591	53.949	100.000
Prentun, myndir, tölvur, net.	1.420.083	1.233.858	2.000.000
Orkureikningar.	6.447.822	6.240.404	6.500.000
Tryggingar.	2.350.380	2.700.533	2.600.000
Skattar til ÍBR/ÍSÍ.	161.550	253.650	300.000
Skattar.	15.133.926	14.103.506	15.500.000
Kostnaður v/greiðslukorta o.fl.	689.540	724.156	1.000.000
Annar kostnaður.	2.127.107	2.008.324	2.400.000
	111.100.280	100.084.744	121.300.000

Skýring 6. Rekstur verslunar:

Birgðir 01.09. 2022.	14.981.872	9.955.597	
Keyptar vörur.	14.628.963	16.694.581	
Birgðir 31.08.2023.	-14.586.822	-14.981.872	
	15.024.013	11.668.306	17.000.000



Skipuleggjendur, teljarar og dómarafrá TBR á Unglingameistaramóti Íslands



Íslandsmeistarar TBR í unglíngaflokkum 2024 ásamt formanninum



Líð Ningbo,Kína og TBR/BH.

